



Jón Hreinsson

Fæddur 15. september 1965
Dáinn 1. apríl 2022

Fjölskylda og ástvinir þakka vináttu og samúð og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar á Hótel Natura að lokinni athöfn.

Bálför fer fram síðar.

Prestur: Sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir
Tónlist: Guðrún Árný Karlsdóttir
Umsjón útfarar: Frimann og Hálfán - Útfararþjónusta

Útför frá Fossvogskirkju
mánudaginn 11. apríl 2022

FORSPIL

See you again

Wiz Khalifa

BÆN

Esjan

Briet Ísis Elfar

RITNINGARLESTUR

Undir háu hamrabelti
höfði drúpir lítil rós.
Þráir lífsins vængjavíddir
vorsins yl og sólarljós.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað,
krjúpa niður kyssa blómið
hversu dýrðlegt fannst mér það.

Ég held ég skynji hug þinn allan
hjartasláttinn rósín mín.
Er kristalstærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín.

Finna hjá þér ást og unað
yndislega rósín mín.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei það er minning þín.

Guðmundur Halldórsson / Friðrik Jónsson

Þegar storminn hefur lægt

Sævar Sigurgeirsson/ Ilse De-lange

GUÐSPJALL

Værð

Þórir Kristinsson / Birgir Haraldsson

MINNINGARORÐ

Ó hve gott á lítil lind
leika frjáls um hlíð og dal.
Líða áfram létt sem hind,
líta alltaf nýja mynd,
lauma kossi á kaldan stein,
kastast áfram tær og hrein.

Ég vildi að ég væri eins og þú
og vakað gæti bæði daga og nætur.
Að öllu skyldi kveða óð um unað, ást og trú
sem aldrei bregst en hugga lætur.
Já, ef ég mætti lifa eins og lindin silfurtær
sem lög á sína undra strengi slær.

Hvísla ljóði að grænni grein,
glettast ögn við lítil blóm.
Lauma kossi á kaldan stein,
kastast áfram tær og hrein.

Ég vildi að ég væri eins og þú
og vakað gæti bæði daga og nætur.
Að öllu skyldi kveða óð um unað, ást og trú
sem aldrei bregst en hugga lætur.
Já, ef ég mætti lifa eins og lindin silfurtær
sem lög á sína undra strengi slær.

Bjarki Arnason / Casano Conty

BÆN OG FAÐIR VOR

Og stundin var, eins og eftir pöntun,
við dóttir mín á heimleið, sem var orðin nokkuð löng.
Að barna sið, hún spurði um eitt og annað,
og óvænt kom þá spurningin svo að hjartað kipptist við.

Svo mamma!
Er komum við til himna má ég snerta stjörnur?
Förum við bara í heimsókn, eða til að búa þar?
Má ég kyssa ömmu og afa? Fæ ég englavængi tvo?
Vill guð kannski fá pínulítinn engil
til að þússa regnbogann.

Ég segi satt, ég ók þar út í kantinn,
og sat um stund og þerraði af augum mínum tár.
Ég sagði, Guð besta gjöfin þín er barnið
og blessað veri sakleysið sem kveikir von í sál.

Eins og:
Er komum við til himna má ég snerta stjörnur?
Förum við bara í heimsókn, eða til að búa þar?
Má ég kyssa ömmu og afa? Fæ ég englavængi tvo?
Vill guð kannski fá pínulítinn engil
til að þússa regnbogann.

Ég hugsaði um það kvöldið allt og hjartað mitt það söng,
ég bað við rúmið hennar og bænin var ei löng.

Guð er ég kem ég upp til himna má ég snerta stjörnur?
Ég vil ekki koma í heimsókn, heldur til að búa þar.
Hitta fjölskyldu og vini og frelsara minn að sjá
herra, get ég orðið svona engill
sem að annast regnbogann?

Mmmmmmm, má ég þússa regnbogann.

Jónas Friðrik Guðnason / Jef Bates

MOLDUN

Andvaka

Trausti Bjarnason

BLESSUN

EFTIRSPIL

You'll Never Walk Alone

Richard Rodgers